

The logo is a circular seal. The outer ring contains the text "SKÁTAFÉLAGIÐ HEIÐABÚAR" at the top and "15. 9. 1937" at the bottom. The inner circle features a stylized mountain range with a sun or moon rising behind it.

Stefnumótun skátafélagsins Heiðabúa

Aukin fagmennska – Aukin gæði


Efnisyfirlit.

1. Efnisyfirlit.
2. Upphafsorð.
3. Skipurit félagsins.
4. Tilgangur og meginmarkið félagsins.
5. Almenn starf félagsins – uppbygging félagsins
..... Foringjastörf félagsins
6. Ferðir á vegum félagsins
.....Samstarf við bæjaryfirvöld
.....Samstarf við önnur félög
7. Fjármál félagsins
..... Samstarf við heimilin
8. Aðstaða skátastarfs
9. Forvarnarstefna skátafélagsins
10. Umhverfisstefna félagsins
..... Annað
..... Lokaorð

Upphafsorð

Stefnumótun þessari er ætlað að veita heildaryfirsýn yfir starfsemi skátafélagsins Heiðabúa og eins marka þá stefnu sem félagið ætlar að taka í nánustu framtíð. Þessi stefnumótun er í sífeldri endurskoðun og á að þjóna félaginu sem almennt vinnuþlan, en auk þess er það tilvalið til þess að auka þekkingu þjóðfélagsins á þeirri þjónustu og þeim störfum sem að skátafélagið sinnir dagsdaglega.

Skipurit skátafélagsins Heiðabúa



Skipurit samþykkt á stjórnarfundum 05.04.2003

Tilgangur og meginmarkmið félagsins

Að bjóða upp á skátastarf fyrir börn frá 9 ára aldri til 18 ára aldurs. Að bjóða þeim sem að eru eldri en 18 ára tækifæri til þess að starfa innan félagsins sem foringjar eða þá að sinna öðrum stjórnunar eða nefndarstörfum. Til þess að sinna þessu verkefni starfar félagið eftir þeim skyldum og reglum sem að Bandalag íslenskra skáta (BÍS) hefur lagt fram, eins er það mikilvægt að eiga farsæl samskipti við bæjaryfirvöld og aðra æskulýðsstarfsemi á svæðinu.

Grundvallarstefna BÍS segir meðal annars.

“Bandalag íslenskra skáta starfar eftir þeirri meginreglu að allir menn hafi jafnan rétt, óháð kyni, litarhætti eða trúarbrögðum. Þeir sem gerast félagar í skátahreyfingunni gera það af fúsum og frjálsum vilja.”

“Bandalag íslenskra skáta leggur áherslu á að líta beri á börn sem einstaklinga sem hafa jafnan rétt og fullorðnir. Þau beri að virða og veita þá þjálfun sem hæfir aldri þeirra og þroska. Bandalag íslenskra skáta leggur áherslu á að virða allar lífsskoðanir sem samrýmast skátalögunum. Í skátastarfi og við inngöngu nýrra félaga í skátahreyfinguna skal tekið fullt tillit til mismunandi trúarskoðana.”

Eftir þessari stefnu starfar skátafélagið Heiðabúar.

Markmið skátastarfs.

Skátahreyfingin hefur sett sér það að markmiði að stuðla að því að börn og unglingar verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar.

Með því að tala um að veita einstaklingum þroska, er átt við það að hver maður býr yfir fjölmörgum eiginleikum sem unnt er að rækta og þróa.

Skátahreyfingin leggur áherslu á að skátar verði sjálfstæðir einstaklingar, sem venjast á að bera ábyrgð á því sem þeim er falið, læra að bera ábyrgð á eigin gerðum með markvissri þjálfun. Læri að meta, rökræða og taka afstöðu til mála. Venjist því að vinna með öðrum og virða skoðanir annarra. Virða jafnan rétt allra manna og skilja þjóðfélagslega samábyrgð allra þegna landsins.

Markmið skátastarf eru þau markmið sem að Heiðabúar vinna eftir.

Skátafélagið ætlar að ná þessum markmiðum.....

- Með því að stuðla að hópvinnu, sem kennir tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrgð og stjórnunarhæfileika.
- Með útilífi sem eflir líkamsþrek og vekur áhuga barna og ungs fólks á náttúrunni og eflir skilning og áhuga á að vernda hana.
- Með margvíslegum viðfangsefnum, þar sem skátinn lærir ýmis nytsöm störf, þeim sjálfum og öðrum til heilla.
- Með því að taka þátt í alþjóðlegu skátastarfi gefst skátum tækifæri á að kynnast ungu fólki í öðrum löndum, háttum þess og menningu.

Almennt starf félagsins – Uppbygging félagsins

-Starf skátafélagsins skiptist í deildir, deildirnar skiptast í sveitir, sveitirnar skiptast í flokka.

-*Aldurshópurinn 7-8 ára* kallast ljósálfar, þeirra starf byggist á einföldum verkefnum og er eins konar kynning á skátastarfinu og uppbyggingu þess, útivist þeirra byggist á útiveru á skátafundum og styttri dagsferðum. (ljósálfar starfa ekki í Heiðabúum í dag)

-*Aldurshópurinn 9-10 ára* kallast ylfingar.

Ylfingastarfið byggist á sögu Rudyard's Kiplings um ævintýri Mowgli í Dýrheimum. Með frumskóginn og dýrin sem baksvið er ylfingum kennt trygglyndi, félagslyndi, hlýðni og líkamlegt heilbrigði með því að taka þátt í útilífi, skemmtilegum leikjum og fjölbreyttum verkefnum á vikulegum fundum.

-*Aldurshópurinn 11-14 ára* kallast skátar

Hvort sem það er gönguferð, varðeldur, næturleikur, hellaferð, ging gang gulli gulli, hnútakennsla, tjaldútilega, hlátur, skátaheit, útieldun, internetið, utanlandsferðir, ríkk tikk ríkka tikk tikk, fánaathöfn, skálaskoðun, skyndihjálpar, skátamerki, skátavígsla eða kakó og kex þá er það ómissandi þáttur af skátastarfinu. Skátar hittast vikulega á fundum og vinna í hópastarfi að margþættum verkefnum, taka þátt í útilífi og alþjóðlegu skátastarfi.

-*Aldurshópurinn 15-18 ára*

Njóttu lífsins lifandi. Dróttskátar gera það í náttúrunni. Dróttskátar taka þátt í krefjandi og ögrandi útilífi og starfa með skátum um víða veröld að fjölþættum verkefnum. Allir dróttskátar stefna að því að fá forsetamerkið afhent af forseta Íslands á Bessastöðum. Að dróttaskátastarfi loknu er dróttskátinn reiðubúinn að takast á við foringjastörf eða starfa í einhverri af sveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

-*Aldurshópurinn 18+*

Þeir skátar sem eru eldri en 18 ára vinna að ýmsum störfum fyrir skátafélagið sem og skátahreyfinguna, þeim býðst að ljúka æðstu foringjapálfun sem að skátastarfið býður upp á svokallaðri Gilwell þjálfun, einnig starfa svokallaðar róverskátasveitir sumstaðar en það er félagsskapur eldri skáta sem að hafa það að markmiði að stunda skemmtilegt skátastarf og jafnframt veita skátafélaginu stuðning í þeim verkefnum sem það tekur að sér, Heiðabúar starfrækja ekki róverskátasveit. Einnig hafa svokölluð St. Georgsgildi starfað í mörg ár, á suðurnesjum starfar ein svoleiðis deild, þetta er sjálfstæður félagsskapur eldri skáta og er hans helsta hlutverk að styðja við skátastarf félaganna á allan mögulegan máta en eins hittast gildisskátar reglulega og endurlifa sanna skátastemningu.

Foringjastörf félagsins

-Einn deildarforingji skal vera skipaður yfir hverri deild, hann skal hafa reynslu af sveitarforingja störfum, hafa náð sjálfræðisaldri og vinnur deildarforingji eftir sérreglum þeim sem að félagið setur.

-Að minnsta kosti einn sveitarforingji yfir hverri sveit skal vera eldri en 18 ára, sú sveit sem hefur á að skipa 15 einstaklingum eða fleiri skal hafa tvo sveitarforingja. Sveitarforingjar skulu vinna eftir þeim reglum sem að félagið setur.

-Allir sveitarforingjar skulu hafa lokið skyndihjálpar 1 og sveitarforingjanámskeiði á vegum BÍS eða námskeiðum sem eru sambærileg að mati stjórnar félagsins..

-Flokkforingjar skulu hafa náð fermingaraldri.

- Flokksfóringjar skulu hafa lokið flokksfóringjanámskeiði 1 á vegum BÍS eða sambærilegu námskeiði að mati stjórnar félagsins.
- Flokksfóringjar skulu starfa eftir þeim reglum sem að félagið setur þeim.
- Stefna skal að því að fóringjar greiði ekki fyrir sína þjálfun.
- Leitast skal við því eins mikið og kostur er að umbuna fóringjum fyrir störf sín, þetta má gera með því að borga fyrir fóringja á skátamót og eins aðstoða þá við að koma sér upp búnaði sem tengist skátastarfi, ekki skal farin sú leið að greiða fóringjum fjármuni fyrir vel unnin störf.
- Vinna skal að því að sveitarfóringjar fái skátastarf sitt metið til eininga í framhaldsskóla suðurnesja.

Ferðir á vegum félagsins.

- Reglur um skálaferðir félagsins skulu ritaðar niður og ávallt skal vera hægt að nálgast eintak á aðgengilegum stað.
- Allir skátar sem að fara í ferðir á vegum félagsins skulu skila inn heilbrigðisskýrslu sem að skal vera í vörslu ábyrgðarmanns ferðarinnar.
- Ávallt skal leitast við að ferðast með viðurkenndum aðilum innan ferðapjónustunnar.
- Á öll skátamót skal skipað í fararstjórn, leitast skal við að foreldrar skáta í félaginu komi að fararstjórn innan félagsins.
- Allir skátar sem hyggja á ferðir með félaginu þurfa að skila inn skriflegu leyfi frá forráðamanni.

Samstarf við bæjaryfirvöld.

Skátafélagið Heiðabúar leggur mikla áherslu á að viðhalda góðu samstarfi við bæjaryfirvöld, þetta á jafnt við um skipulagningu félagsstarfsins með tilliti til stærri viðburða innan félagsins sem og bæjarfélagsins. Félagið reynir eftir bestu getu að framfylgja og vinna eftir þeim stefnum og reglum sem að bæjaryfirvöld setja æskulýðsstarfi í bænnum. Félagið geri þjónustusamninga við bæjaryfirvöld til þess að skilgreina betur hlutverk skátafélagsins innan bæjarins og eins hvaða kröfur samfélagið gerir til skátafélagsins.

Samstarf við önnur félög.

Skátafélagið vill stuðla að því að auka samstarf við félagasamstök innan bæjarins sem að sinna svipuðum verkefnum.

Björgunarsveitin Suðurnes - tenging á milli skátafélaga og björgunarsveita er augljós, margir skátar ganga seinna meir í björgunarsveitirnar og nýliðastarf björgunarsveitanna er að mörgu leyti svipað dróttskátastarfi skátafélaga. Skátafélagið leitast við því að samstarf björgunarsveitarinnar Suðurnes og skátafélagsins verði aukið og teljum raunar slíkt vera nauðsynlegt og báðum til heilla.

Rauði krossin – Suðurnesjadeild

Skyndihjálp og það að hjálpa náunganum á allan mögulegan máta er það sem að Rauði krossinn stendur fyrir, þeir hafa þróað mikið af skemmtilegu efni og eins og með björgunarsveitina að þá er ungliðastarf þeirra nokkuð líkt starfi skátanna, megininntakið er það sama en áherslunar mismunandi, skátafélagið getur lært mikið af Rauða krossinum og vonandi sér Rauði krossinn líkt og skátafélagið sér hag í því að koma á einhverskonar samstarfi.

Íþróttafélög

Íþróttafélög eru þau félagasamtök sem eru hvað ólíkust skátastarfinu í eðli sínu, en því er ekki að neita að íþróttahreyfingin hefur unnið þrekvirki í skipulagningu á hálfsjálfbóðaliðastarfinu (þ.e. einhverjir á launum aðrir ólaunaðir). Þau hafa þurft að taka sér tak bæði í fjárhagslegu tilliti sem og félagslegu tilliti sem og samstarfi við foreldra og má mikið læra af þeirri vinnu sem að íþróttafélögin hafa unnið.

Kfum – Kfuk

Kfum-Kfuk býður ungu fólki í bæjarfélaginu upp á æskulýðsstarfsemi með trúarlegum grunni, þeirra markmið er einnig að byggja upp einstaklinginn og virkja það besta í hverjum manni. Markmið og stefnur ungliðastarfs Kfum&K samræmist að nokkrum hluta markmiðum og stefnu skátahreyfingarinnar og ættu bæði félögin að sjá sér hag í einhverskonar samstarfi.

Tómstundabandalag Reykjanesbæjar

Hin ýmsu félög í Reykjanesbæ eru aðilar að tómstundabandalaginu, tengslin við skátastarfið er mismikið eftir félögum og helsti grundvöllur samstarfs væri sameiginleg nýting búnaðar og mannaúðar innan félaganna. En samstarf við félög innan TRB þyrfti að skoða í hverju tilviki fyrir sig ef til kæmi.

Siglingafélagið Knörr

Skátar hafa lagt stund á siglingar frá upphafi, í einstaka félögum eru starfandi sérstakir sjóskátar, skátarnir í Víkverjum hafa til að mynda smíðað sér Kayaka. Innan siglingafélagsins er fólk sem býr að mikilli reynslu við siglingar, vafalítið getur skátafélagið notið góðs af samstarfi við Knörr.

Fjármál

Skátafélagið Heiðabúar ætlar sér líkt og undanfarin ár að reka ábyrga fjármálastjórnun.

Félagið gerir fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og vinnur eftir henni af samviskusemi, fjárhagsáætlun skal vera tilbúin 1. ágúst ár hvert og kynnt á aðalfundi félagsins.

Fyrir aðalfund skal stjórn samþykkja endurskoðaða reikninga félagsins, þeir skulu síðan lagðir til samþykktar á aðalfundi.

Til þess að ná fjárhagslegum markmiðum stendur félagið fyrir hverskyns fjáröflunum og ber þar helst að nefna skeytasölu og fermingarblaðaútgáfu auk ýmissa annarra fjáraflanna vegna sérverkefna.

Félagsgjöld skulu vera eins lág og kostur er, það er gert til þess að veita öllum óháð fjárhag tækifæri til að taka þátt í starfi skátafélagsins. Í dag er ársgjaldið 5000 krónur og hefur verið það síðan árið 2000. Veita skal systkynaafslátt af félagsgjaldi.

Kostnaður við þá viðburði sem að skátafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í skal ávallt vera eins lítill og kostur er fyrir skáta félagsins.

Líkt og undanfarin ár skal nota þá fjármuni sem skátafélagið býr yfir til þess að greiða niður sameiginlega viðburði.

Veita skal systkynaafslátt af þeim viðburðum sem að skátafélagið stendur fyrir.

Samstarf við heimilin.

Gott samstarf þarf að vera á milli skátafélagsins og foreldra. Ef náðið samstarf er á milli skátafélagsins og foreldra skapast traust og skilningur milli foreldra, þeirra sem

stjórna skátastarfinu og skátanna sjálfra. Skátafélagið sér til þess að foreldrar fái tækifæri til að kynna markmiðum og leiðum hreyfingarinnar og því sem efst er á baugi í starfinu hverju sinni.

Almenningi eru störf skátahreyfingarinnar alls ekki eins vel þekkt og t.d. störf íþróttahreyfingarinnar sem sífellt birtast í fjölmiðlum. Því er mörgum foreldrum óljóst hvernig skátafélög starfa og gera sér í mörgum tilvikum litla grein fyrir síðum og venjum í skátastarfi. Skátafélagið álítur mikilvægt að byggja brú á milli heimilis og skátafélagsins og opna fyrir meiri þátttöku foreldra í starfinu.

Samstarf er nauðsynlegt til þess að:

- foringjarnir geti tekið tillit til séreinkenna og heilsu barnanna og óska foreldra
- heimilin skilji uppeldisgildi skátastarfs og þær leiðir sem farnar eru í skátastarfi (t.d. hlutverk flokksforingja og skátaflokka, börn stjórni börnum og "athafnanám")
- foreldrar hvetji börnin til virkrar þátttöku í skátastarfi og efli áhuga þeirra
- foreldrar og skátahreyfingin stuðli í sameiningu að því að börnin sýni frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði
- vekja áhuga foreldra á skátastarfinu sem gæti leitt til þess að þau taki að sér foringja- eða stjórnunarstörf.

Skátafélagið starfrækir í dag svokallaðan foreldraflokk sem að hittist að jafnaði mánaðarlega yfir veturinn. Þar er farið yfir það sem er á döfinni hjá félaginu.

Skátafræðin kynnt og það hvað skátastarf stendur fyrir. Foreldrar fá að spreyta sig á hinum ýmsu verkefnum sem að þeirra eigin börn eru að vinna að á sínum fundum. Foreldraflokkurinn er opinn öllum þeim sem eiga börn innan félagsins og engar kvaðir fylgja því að taka þátt.

Aðstaða skátastarfs.

Skátafélagið Heiðabúar leggur áherslu á að það skátastarf sem unnið er innan félagsins fari fram við viðunandi aðstæður. Þetta á bæði við þá staði þar sem að vikulegir fundir eru og eins þá útileguaðstöðu sem að skátum innan félagsins er boðið upp á. Reynt er að fylgja þeim reglugerðum sem eru í gildi hverju sinni varðandi aðbúnað æskulýðsstarfs til hins ýtrasta.

Mikilvægt er að skátastarfið fái að njóta sín á þeim stöðum sem það er stundað, það að halda skátafundi í skólastofum og öðrum opinberum byggingum er skammtímalausn á húsnæðisleysi skáta og óæskilegt til langs tíma litið, reynslan sýnir að skátarnir hafa meiri áhuga og ánægju af skátastarfi sem unnið er í þeirra "eigin" skátahúsi.

Skátafélagið Heiðabúar stendur mjög vel húsnæðislega séð í dag og er það ekki hvað helst að þakka framsýni og elju eldri skáta, einnig hafa félagasamtök (þá helst Lionessur) og bæjarfélög stutt vel við bakið á félaginu varðandi þennan málaflökk. Það er að vísu forgangsatriði hjá skátafélaginu að koma skátastarfi í Sandgerði í viðunandi og varanlegt húsnæði, en það hefur því miður ekki verið til staðar hingað til. Aðeins elja og dugnaður stjórnenda þar hafa gert félaginu kleyft að halda úti starfi þar. Unnið er í málinu í samstarfi við bæjaryfirvöld í Sandgerði.

Skátafélagið á og starfrækir einn skátaskála, við höfum fengið ábendingar frá Brunavörnum suðurnesja varðandi hann og er unnið að því að uppfylla kröfur þeirra. Á meðan er ekki heimilt að gista í skálanum. Reglur varðandi umgengni, útleigu og upplýsingar um útbúnað skálans eru aðgengilegar hjá félaginu.

Forvarnarstefna félgsins.

1. Forvarnargildi skátastarfs

Skátahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í skátastarfi, reiðir betur af og neyta síður vímuefna. Heiðabúar vilja efla enn frekar vímuvarnargildi skátastarfs með því að taka skýra stefnu gegn neyslu vímuefna í tengslum við skátun.

Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um fíkni- og vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu tóbaks, áfengis og allra ólöglegra vímuefna.

2. Neysla tóbaks og vímuefna

Heiðabúar eru andvígir allri neyslu fíkni- og vímuefna skáta og annarra er koma nálægt starfi með börnum á vegum skátafélagsins. Öll neysla fíkni- og vímuefna er bönnuð í skátaheimili, skátaskála, í útilegum og ferðum á vegum félagsins og á skátamótum. Þetta á jafnt við um skáta sem og aðra sem að nýta eignir skátafélagsins eða tengjast félaginu á hinum ýmsu viðburðum.

3. Viðbrögð félagsins við neyslu skáta

Heiðabúar munu bregðast sérstaklega við allri neyslu skáta undir 18 ára aldri í fyrrgreindri starfsemi félagsins. Foreldrar verða ávallt upplýstir um slíka neyslu.

Varðandi viðbrögð við fíkni- og vímuefnaneyslu þeirra sem eru sjálfráða, munu Heiðabúar bregðast við neyslu sem er brot á reglum félagsins (sbr. lið 2) og neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd skátastarfsins í heild sinni.

Viðbrögð Heiðabúa við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Viðbrögð félagsins munu samt sem áður ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann til þess að aðlaga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

4. Hlutverk foringja

Foringjar skulu starfa eftir fíkni- og vímuvarnarstefnu skátafélagsins Heiðabúa, þar með talið að bregðast við fíkni- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.

Heiðabúar munu sjá foringjum fyrir fræðslufni um áhrif fíkni- og vímuefnaneyslu á ástundun og frammistöðu í skátastarfi sem og á einkalíf skátans.

Foringjar skulu framfylgja stefnu skátafélagsins Heiðabúa varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

5. Samstarf við foreldra

Heiðabúar munu upplýsa foreldra um stefnu skátafélagsins í fíkni- og vímuvörnum.

Heiðabúar munu standa að góðu samstarfi við foreldra skáta með fræðslu um neikvæð áhrif fíkni- og vímuefna.

Heiðabúar munu starfa náið með fagfólki í fíkni- og vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfræðisaldri.

6. Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

Heiðabúar munu hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga.

Heiðabúar muna hafa náið samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðslufni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi.

Umhverfisstefna.

Skátafélagið Heiðabúar starfar í sátt og samlyndi við umhverfið.

Skátastarfið fer mikið fram út í náttúrunni og hafa mörg þau reglulegu verkefni sem skátar vinna að það markmið að kenna skátunum að kynnast og bera virðingu fyrir náttúrunni og því umhverfi sem við lifum í.

Sú meginregla er í gildi innan félagsins að skátar leitist við að skila umhverfinu af sér í betra ásigkomulagi en að var komið.

Skátafélagið er aðilli að Skógræktarfélagi suðurnesja.

Skátafélagið styður endurvinnslu á öllum sviðum og reynir eftir fremsta megni að kenna skátum í starfi innan félagsins gildi endurvinnslu fyrir umhverfið.

Annað

Félagið stefnir að því að ráða starfsmann til félagsins, slíkt mun auka fagmennsku og gæði starfsins. Staðið skal að ráðningu starfsmanns á þann hátt að það stefni ekki fjárhag félagsins í voða.

Starfsmaðurinn skal vera kunnugur skátafræðunum og hafa reynslu af æskulýðsstarfi.

Stefna skal að því að koma upplýsingum um iðkendur í félaginu inn í gagnagrunn þar sem að staða hans og afrek innan félagsins verða skráð auk annarra persónulegra upplýsinga. Þennan gagnagrunn þarf einnig að vera hægt að nota sem félagaskrá.

Stefnt skal að því að koma söguritun og myndaöflun félagsins í fastan farveg, t.d. með stofnun minjanefndar.

Skátafélagið skal vera virkt í skátastarfi á landsvísu, því markmiði er náð með því að vera í sterkum og góðum tengslum við önnur félög í landinu og með því að sækja skátamót og aðra sameiginlega viðburði innan hreyfingarinnar.

Stefna skal að því að koma á fót ljósálfa og róversveit innan félagsins.

Skátafélagið hefur látið útbúa ferillýsingu sem nota skal ef að upp koma eineltismál innan félagsins. Ferillýsingin er aðgengileg hjá félaginu og foringjar fá fræðslu og kynningu á ferillýsingunni.

Stefnumótun þessi skal endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári og þeirri vinnu skal lokið fyrir júlilok ár hvert.

Lokaorð

Það sem hefur komið fram í þessari stefnumótun lýsir í meginatriðum starfsemi og stefnu skátafélagsins Heiðabúa. Að sjálfsögðu eru hin ýmsu smáverkefni sem unnið er í á hverjum tíma og væri það of langt mál að telja þau öll upp hér í þessari stefnumótun en með tíð og tíma mun þessi stefnumótun eflast og þróast með hverju árinu sem líður.